

### **233. fundur háskólaráðs Háskólans á Akureyri þann 27. september 2005.**

Þorsteinn Gunnarsson setti fund kl. 8:45.

Mættir voru auk hans:

Anna Þóra Baldursdóttir fulltrúi kennara  
Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara  
Kristján Sturluson fulltrúi nemenda

Fjarverandi:

Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra

Aðrir mættir:

Laufey S. Sigurðardóttir ritari rektors  
Ólafur Búi Gunnlaugsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála

Gestir: Jóna Jónsdóttir forstöðumaður samskiptamiðstöðvar og markaðs- og kynningarfulltrúi

Kristján Kristjánsson prófessor  
Rannveig Björnsdóttir lektor

Rektor setti fund og kynnti dagskrá.

#### **1. Fundargerð 232. fundar**

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

#### **2. Rekstraryfirlit janúar–ágúst 2005**

Úlfar gerði grein fyrir rekstraryfirliti janúar – ágúst. Rekstrarkostnaður er um 648,8 m.kr. þar af 387,3 m.kr. vegna kennsludeilda. Á heildina litið er rekstrarkostnaður í samræmi við rekstraráætlun að teknu tilliti til launahækkana. Staða kennsludeilda er hlutfallslega sú sama og eftir fyrstu átta mánuðina, eða um 4% yfir áætlun og þar með eru stöðdeildir samsvarandi undir áætlun.

#### **3. Samþykkt menntamálaráðuneytis á rekstraráætlun 2005**

Fyrir fundinum lá bréf frá menntamálaráðuneyti, dags. 15. september sl., þar sem fram koma viðbrögð ráðuneytisins við endurskoðaðri rekstraráætlun háskólans. Í rekstraráætluninni er gert ráð fyrir umtalsverðum viðbótarfjárveitingum á árinu 2005, umfram þær fjárhæðir sem fram koma í fjárlögum, samtals 120,0 m.kr. Ráðuneytið samþykkir 70,0 m.kr. framlag sem er hluti söluandvirðis Glerárgötu og mun leitast við að koma til móts við óskir háskólans um auknar fjárheimildir vegna fleiri nemenda en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga, en samtals óskaði háskólinn eftir 40,0 m.kr. vegna þessa liðar. Framtíðarlausn fjárhagsvanda háskólans er þó ekki í höfn. Um miðjan október mun nefnd, sem skipuð var af háskólaráði í júní sl. til að endurskoða rekstur háskólans og koma með tillögur um úrlausnir, skila álit sínu. Í heild er gert ráð fyrir að sparnaðurinn verði allt að 100 m.kr. þegar áhrif núverandi og væntanlegra aðgerða verða að fullu fram komin eftir 3-4 ár.

#### **4. Undirbúningur að frumvarpi til laga um háskóla**

Rektor kynnti hugmyndir sem ræddar hafa verið um endurskoðun laga um háskóla, en menntamálaráðuneyti skipaði nefnd fyrir á árinu til að endurskoða löggin. Ýmsar ábendingar komu fram, m.a. frá fulltrúum kennara, um atriði sem hafa þyrfti í huga við endurskoðunina. Málið verður á dagskrá á næstunni í samstarfsnefnd háskóla- stigsins. Í meðferð Alþingis verða drög að frumvarpinu send háskólanum til umsagnar.

#### **5. Dómnefndarálit**

Kristján Kristjánsson formaður dómnefndar kynnti dómnefndarálit um dósentshæfi dr. Sigurðar Kristinssonar lektors við félagsvísinda- og lagadeild. Háskólaráð samþykkti álit. Þá kynnti hann dómnefndarálit um hæfi tveggja umsækjenda um deildarforsetastöðu við viðskiptadeild en annar umsækjanda hefur dregið umsókn sína til baka. Háskólaráð samþykkti állitið. Loks kynnti hann dómnefndarálit um hæfi tveggja umsækjenda um lektorstöðu í sálfræði við félagsvísinda- og lagadeild. Háskólaráð samþykkti álit.

## 6. Skipun umhverfisráðs

Háskólaráð samþykkti á fundi sínum 24. júní sl. umhverfisstefnu fyrir háskólann ásamt markmiðs- og framkvæmdaáætlun. Jafnframt var samþykkt að skipað yrði fjögurra manna umhverfisráð til tveggja ára í senn, sem hefði umsjón með framkvæmd umhverfisstefnunnar. Háskólaráð skipaði eftirtalda í umhverfisráðið:

Kristínu Aðalsteinsdóttur dósent, kennaradeild

Ólöfu Árnadóttur umsjónarmann

Sigríði Droplaugu Jónsdóttir nemanda, auðlindadeild

Steingrím Jónsson prófessor, auðlindadeild, jafnframt formann ráðsins

Til vara:

Hreiðar Þór Valtýsson lektor, auðlindadeild

Guðrúnu Pálmadóttur lektor og brautarstjóra, heilbrigðisdeild

Sigrúnu Sveinbjörnsdóttur lektor, kennaradeild

## 7. Skipun stjórnar RHA

Ingibjörg Elíasdóttir vék af fundi meðan afgreiðsla þessa dagskrárliðar fór fram.

Á fundi háskólaráðs 19. ágúst sl. var bókað að aftur hefði verið óskað eftir tilnefningum deilda í stjórn RHA. Tilnefningar deilda voru þessar:

Auðlindadeild: Hjörleifur Einarsson og Rannveig Björnsdóttir

Félagsvísinda- og lagadeild: Kamilla Rún Jóhannsdóttir og Þóroddur Bjarnason

Heilbrigðisdeild: Hermann Óskarsson og Sigfríður Inga Karlsdóttir

Upplýsingatæknideild: Nicola Whitehead og Nicolai Gagunashvili

Viðskiptadeild: Guðmundur Kristján Óskarsson og Ingibjörg Elíasdóttir

Háskólaráð skipaði stjórnina með eftirfarandi hætti:

Axel Björnsson prófessor, til vara Jörunn Elíadóttir lektor

Hjörleifur Einarsson prófessor, til vara Rannveig Björnsdóttir lektor

Ingibjörg Elíasdóttir aðjúnt, til vara Guðmundur K. Óskarsson lektor

Nicola Whitehead lektor, til vara Nicolai Gagunashvili prófessor

Sigfríður Inga Karlsdóttir lektor, til vara Hermann Óskarsson dósent

Þóroddur Bjarnason prófessor, til vara Kamilla Rún Jóhannsdóttir lektor

Jón Kr. Sólnes hrl. og Svanfríður Jónasdóttir fv. alþingismaður, eru skipuð án tilnefninga og er Svanfríður jafnframt formaður stjórnar.

## 8. Skipun varamanns í stjórn Útgáfusjóðs

Helgi Gestsson hefur óskað eftir að vera settur út úr stjórn Útgáfusjóðs þetta misseri þar sem hann er aðili að umsókn sem liggur fyrir hjá sjóðnum. Háskólaráð skipaði Pál Björnsson lektor í félagsvísinda- og lagadeild í hans stað.

## 9. Tillaga um breytingu á merki HA

Jóna Jónsdóttir kynnti tillögu um breytingu á merki háskólans. Háskólaráð ákvað að fresta umræðum um málið.

## 10. Markaðsáætlun

Jóna Jónsdóttir kynnti markaðsáætlun 2005–2006. Háskólaráð samþykkti þann hluta er fjallar um kynningar á námsframboði en vísaði fjárhagslegri umfjöllun um hana til gerðar rekstraráætlunar 2006.

## 11. Samningur um rannsóknaverkefni um eldi lífvera

Rannveig Björnsdóttir kynnti drög að samkomulagi um rannsóknaverkefni um eldi lífvera. Háskólaráð hafnaði drögum í núverandi mynd og mæltist til þess að þeim yrði beint í annan farveg.

## 12. Önnur mál

12.1 Fulltrúar kennara óskuðu eftir upplýsingum um hvað liði störfum fjarkennslunefndar. Úlfar varð fyrir svörum og sagði að vinna nefndarinnar hefði legið niðri en yrði tekin upp aftur samhliða því að niðurstöður endurskoðunarhópsins yrðu birtar.

12.2 Fulltrúar kennara óskuðu eftir að fjallað yrði um starfsmannastefnu háskólans í háskólaráði á næstunni.

12.3 Rektor dreifði skýrslu um viðhorfskönnun meðal brautskráðra nemenda 1989–2003 um gildi og gagnsemi náms í HA. Könnunin var unnin af RHA.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:30.